



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 38. FUNDUR HREPPSNEFNDAR

### KJÖRTÍMABILID 2010 – 2014 4. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 7. MAÍ 2013

**KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2013, þann 7. maí 2013 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, beiðni um styrk vegna þátttöku í ólympíuleikunum í stærðfræði. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til hreppsnefndar:**

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2012. Seinni umræða.
2. Skólahreysti: Umsókn um styrk.
3. Brunavarnir Árnæssýslu: Húsnæðismál.
4. Íbúakosning í Hrunamannahreppi.
5. Umsjónarmaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero.
6. Vinnuhópur um upplýsingaröflun fyrir nýbúa.
7. Umsögn vegna veitingaleyfis.
8. Eldri borgarar. Sundleikfimi.
9. Hótel Flúðir ehf. Sala hlutafjár.
10. Útboð vegna Ásavegar.
11. Tilnefning fulltrúa og áheyrnarfulltrúa í Héraðsnefnd Árnesinga.
12. Íbúafundur.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

13. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 18. fundar frá 2. maí s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps:**

14. 58. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 23. apríl s.l. og afgreiðslufundur byggingafulltrúa, afgreidd mál frá 20. mars til 22. apríl 2013.
15. Fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps bs. þann 23. apríl s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Nefnd oddvita/sveitarstjóra vegna velferðamála(NOS): Fundargerð frá 15. apríl s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 225. stjórnarfundar frá 26. mars s.l.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 149. fundar Heilbrigðisnefndar frá 5. apríl s.l.
- d. Brunavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 2. fundar fagraðs frá 5. apríl s.l.
- e. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga: Fundargerð 466. fundar stjórnar frá 26. apríl s.l.
- f. Almannavarnir Árnæssýslu: Fundargerð 15. fundar Almannavarnarnefndar Árnæssýslu frá 26. apríl s.l.

#### **Kynningarmál:**

- g. Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegaskjóði 2013.
- h. Orlof húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu.
- i. Héraðssambandið Skarphéðinn.
- j. Skipulagsstofnun: Skipulagsskilmálar varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.
- k. Vinnumálastofnun: Atvinnuleysistryggingaskjóður.
- l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerða 805. fundur stjórnar frá 19. apríl.
- m. Fjarskipti í dreifbýli.
- n. Skýrsla kjörstjórnar vegna Alþingiskosninga.

#### **Fundir framundan:**

- o. Kynningarfundur vegna þjónusturáðs um málefni fatlaða 13. maí í Aratungu.

- p. Kynningarfundur vegna félagsþjónustu Árneshvíls 13. maí í Aratungu.
- q. Héraðsnefnd Árneshvíls: Vorfundur 8. Maí
- r. Vorhittingur Ferðaþjónustuaðila í Uppsveitum Árneshvíls 14. maí í Árneshvíli.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- s. Veiðifélag Árneshvíls: Ársreikningur 2012.
- t. Byggingastofnun: Ársskýrsla 2012.
- u. Landsnet: Kerfisáætlun, fimm ára áætlun 2013-2017.
- v. Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2012.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til hreppsnefndar:**

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2012. Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2012 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 6,1 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 37,7 millj. Fjárfesting var 31,0 millj. kr. Veltufé frá rekstri 63,0 millj. Heildar eignir 972,7 millj., heildarskuldir 625 millj., eigið fé 347,9 millj. Skuldahlutfall er 87% og hefur lækkað úr 102% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.
2. **Skólahreysti: Umsókn um styrk.**

Oddviti kynnti bréf frá Icefitness ehf þar sem óskað er eftir styrk vegna Skólahreysti 2013. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000.
3. **Brunavarnir Árneshvíls: Húsnæðismál.**

Oddviti kynnti minnispunkta frá Brunavörnum Árneshvíls varðandi kaupsamning B.A. og Árborgar vegna húseignarinnar að Árvegi 1. Þar kemur m.a. fram að Árborg ábyrgist að fasteignin standist lokaúttekt við sölu hennar. Hreppsnefnd samþykkir því fyrir sitt leyti kaup B.A. á húsnæðinu að Árvegi 1.
4. **Íbúakosning í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti niðurstöður ráðgefandi íbúakosninga vegna tillögu um gatnamót við verslunina Samkaup Strax á Flúðum. Á kjörskrá voru 551. Alls kusu 396 eða 72%. Tillaga A um T gatnamót hlaut 186 atkvæði en tillaga B um hringtorg hlaut 201 atkvæði. Auðir seðlar voru 6 og ógildir 3. Skv. þessu hlaut tillaga um hringtorg um 52% stuðning og tillaga um T gatnamót 48% þeirra sem tóku afstöðu. Hreppsnefnd þakkar íbúum fyrir þátttökuna í þessari tilraun til að kanna afstöðu íbúa til einstakra mála í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd felur skipulagshönnuði sveitarfélagsins að útfæra útfærslu að gatnamótunum í samvinnu við Vegagerðina með hliðsjón af niðurstöðu íbúakosningarinnar.
5. **Umsjónarmaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero.**

Oddviti kynnti bréf frá Eygló Jósephsdóttur þar sem hún gefur ekki kost á sér sem umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar Zero næsta vetur. Hreppsnefnd þakkar Eygló fyrir mjög góð störf í þágu félagsmiðstöðvarinnar Zero og felur sveitarstjóra að auglýsa eftir nýjum umsjónarmanni í samráði við Skeiða- og Gnúpverjahrepp.
6. **Vinnuhópur um upplýsingaröflun fyrir nýbúa.**

Oddviti fór yfir þá hugmynd sem fram kom á síðustu fræðslunefndarfundum um að skipaður yrði vinnuhópur um upplýsingaöflun og miðlun fyrir nýbúa í Hrunamannahreppi. Verkefni hópsins myndi verða að skoða möguleika á að auka aðgengi nýbúa að upplýsingum og þjónustumöguleikum í sveitarfélaginu og hjálpa þeim til að auka íslensku kunnáttu sína og með þeim hætti gera þeim auðveldara að taka virkan þátt í samfélaginu. Þá væri hópnum einnig falið að skoða hvernig æskilegt væri að hafa fyrirkomulag á túlkajónustu í skólunum. Hreppsnefnd skipar í vinnuhópinn þau Höllu Gunnarsdóttur leikskólastjóra, sem myndi jafnframt verða formaður hópsins, Guðrúnu Pétursdóttur skólastjóra, Georg Ottósson og Ninu Farynu. Sveitarstjóri myndi síðan starfa með hópnum en stefnt er að hópnum skili tillögum til hreppsnefndar í vetrarbyrjun.
7. **Umsögn vegna veitingaleyfis.**

Oddviti kynnti umsókn um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í Birtingaholti 3 og beiðni Sýslumannsins á Selfossi um umsögn vegna leyfisveitingarinnar. Hreppsnefnd samþykkir fyrirhugaðan afgreiðslutíma og staðfestir að staðsetning staðarins sé

innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um og felur sveitarstjóra að svara erindinu.

**8. Eldri borgarar. Sundleikfimi.**

Oddviti kynnti þá nýbreyttni að bjóða í tilraunaskyni eldri borgurum í Hrunamannahreppi upp á sundleikfimi í sundlauginni á Flúðum einu sinni í viku í maímánuði. Hreppsnefnd hvetur alla eldri borgara að prófa að mæta í sundleikfimi og jafnframt að nýta sér gjaldfrjálsan aðgang að sundlaug og tækjasal sem allra best sér til heilsubótar.

**9. Hótel Flúðir ehf. Sala hlutafjár.**

Oddviti fór yfir eignarhald Hrunamannahrepps í Hótel Flúðum en sveitarfélagið á 11% í félaginu. Hreppsnefnd samþykkir að setja eignarhlut Hrunamannahrepps í Hótel Flúðum ehf á sölu og felur sveitarstjóra að láta meta hlutinn og setja hann í sölufjerli.

**10. Útboð vegna Ásastígs.**

Oddviti kynnti þau tilboð sem komu í verkið Ásastígur 2013. Tvö tilboð bárust. Annars vegar frá Gröfutækni upp á kr. 19.006.500 og hins vegar frá Nesity upp á kr. 19.258.300 en gengið hefur verið frá samingi við Gröfutækni.

**11. Tilnefning fulltrúa og áheyrnarfulltrúa í Héraðsnefnd Árnesinga bs.**

Oddviti kynnti þá breytingu í nýjum samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga að sveitarfélög með færri en 1000 íbúa hafa möguleika á að senda áheyrnarfulltrúa á héraðsnefndafundi. Hreppsnefnd samþykkir að Ragnar Magnússon, oddviti verði aðalmaður á fundi Héraðsnefndar Árnesinga bs. og Halldóra Hjörleifsdóttir til vara. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að Esther Guðjónsdóttir verði áheyrnarfulltrúi og Gunnar Þór Jóhannesson til vara.

**12. Íbúafundur.**

Hreppsnefnd ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 14. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2012. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Þá mun verða gerð lausleg grein fyrir þeim verkefnum sem verið er að vinna að í sveitarfélaginu auk annarra mála.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**13. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 18. fundar frá 2. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um ár Fjalla-Eyvindar árið 2014, sumarið 2013 rætt og fyrirkomulag skipulagðra gönguferða. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

**14. 58. fundur skipulags- og bygginganefndar frá 23. apríl s.l. og afgreiðslufundur byggingafulltrúa, afgreidd mál frá 20. mars til 22. apríl 2013.**

Mál nr. 1: Unnarholt 166836 og Unnarholt land 195942 – nafnabreyting.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar varðandi breytingu á heiti Unnarholts 166836 í Bolafót og Unnarholt land 195942 í Unnarholt

Mál nr. 9: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars til 22. apríl 2013.

Mál nr. 17: Ásgerði 2 166714.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir erindið skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: Kópsvatn 1.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að grenndarkynna umsókn um byggingarleyfi fyrir gróðurhúsi skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 21: Dskbr. Gröf fríst.byggð og skógrækt.

Hreppsnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna tillöguna fyrir aðliggjandi landeigendum og lóðarhöfum að umræddu skipulagssvæði.

Mál nr. 22: Þjóðlendur Hrunamannahrepps. – stofnun lands.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að þjóðlendurnar Hrunaheiðar og Hrunamannafréttur verði stofnaðar sbr. beiðni Forsætisráðuneytisins dags. 5. október 2012.

**15. Fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. þann 23. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingafulltrúaembættis uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps bs. Farið var yfir skýrslu stjórnar og ársreikning fyrir árið 2012. Kosning löggilds endurskoðanda en samþykkt að semja við sömu endurskoðendur og 2012, Pricewaterhouse Coopers ehf. Laun skipulags- og byggingarnefndar voru samþykkt óbreytt áfram. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

**Önnur mál:**

**16. Beiðni um styrk vegna þátttöku í ólympíuleikunum í stærðfræði.**

Oddviti kynnti beiðni Jóns Arons Lundberg um styrk vegna þátttöku hans í ólympíuleikunum í stærðfræði sem fram fer í Kolumbiu í sumar en hann hefur verið valinn í landslið Íslands vegna þeirra. Hreppsnefnd óskar Jóni Aroni til hamingju með árangurinn og samþykkir að styða hann um kr. 50.000 vegna þátttökunnar. Gunnar Þór víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

a. **Nefnd oddvita/sveitarstjóra vegna velferðamála(NOS): Fundargerð frá 15. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.

b. **Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 225. stjórnarfundar frá 26. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.

c. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 149. fundar Heilbrigðisnefndar frá 5. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.

d. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 2. fundar fagraðs frá 5. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.

e. **Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga: Fundargerð 466. fundar stjórnar frá 26. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.

f. **Almannavarnir Árnassýslu: Fundargerð 15. fundar Almannavarnarnefndar Árnassýslu frá 26. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð Almannavarnarnefndar Árnassýslu. Þar var lögð fram skýrsla um uppbyggingu stjórnstöðva aðgerðastjórna og vettvangsstjórna. Einnig var lögð fram vinnuskýrsla um ferjuslys við Suðurströnd og þau mál rædd. Þá var rætt um boðunarsamskipti við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og vandamál vegna læstra hliða í sumarhúsabyggingum. Hreppsnefnd samþykkir að auka útgjöld sveitarfélagsins til almannavarna í samræmi við kynnta tillögu um uppbyggingu stjórnstöðva almannavarna í Árnassýslu og fundargerðina að öðru leyti.

**Kynningarmál:**

g. **Vegagerðin: Úthlutun úr styrkvegasjóði 2013.** Lagt fram til kynningar.

h. **Orlof húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu.** Lagt fram til kynningar.

i. **Héraðssambandið Skarphéðinn.** Lagt fram til kynningar.

j. **Skipulagsstofnun: Skipulagsskilmálar varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.** Lagt fram til kynningar.

k. **Vinnumálastofnun: Atvinnuleysistryggingasjóður.** Lagt fram til kynningar.

l. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerða 805. fundur stjórnar frá 19. apríl.** Lagt fram til kynningar.

m. **Fjarskipti í dreifbýli.** Lagt fram til kynningar.

n. **Skýrsla kjörstjórnar vegna Alþingiskosninga.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

o. **Kynningarfundur vegna þjónusturáðs um málefni fatlaða 13. maí í Aratungu.**

p. **Kynningarfundur vegna félagsþjónustu Árnesþings 13. maí í Aratungu.**

q. **Héraðsnefnd Árnesinga: Vorfundur 8. maí.**

r. **Vorhittingur Ferðaþjónustuaðila í Uppsveitum Árnassýslu 14. maí í Árnesi.**

**Skýrslur á skrifstofu:**

- s. **Veiðifélag Árnesinga: Ársreikningur 2012.**
- t. **Byggðastofnun: Ársskýrsla 2012.**
- u. **Landsnet: Kerfisáætlun, fimm ára áætlun 2013-2017.**
- v. **Héraðssambandið Skarphéðinn: Ársskýrsla 2012.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16:00.